

Kennari:

Aðalheiður Ósk Tobíasdóttir
Lísa Mjöll Ægisdóttir
Brynja Stefánsdóttir

Kennslufyrirkomulag:

Kennsla inn í bekk, stöðvavinna
og útikennsla

Tímafjöldi:

Sambætt með Byrjendalæsi

Bekkur:

2. bekkur

Náttúru- og samfélagsgreinar

Náttúru- og samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um manninn, samfélög, menningu á upplýsandi og gagnrýnin hátt, eðlisfræði, jarðfræði, líffræði og umhverfismennt. Þær greina einingar, samfélag og umhverfið frá hinum minnstu einingu (einstaklingi, fjölskyldu, heimabyggð) til hinna stærstu (þjóða, heims, vistkerfa).

Samfélagsgreinar spanna fjölþættar námsgreinar eins og sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimsspeki ásamt siðfræði.

Teknir eru fyrir nokkrir námsþættir á hverju skólaári og unnið markvisst með þá. Innan samfélagsfræðinnar er fjallað um samfélag og menningu þar sem nemendur eru meðal annars fræddir um jafnrétti, lýðræði, sjálfbærni, umhyggju og virðingu sem á að stuðla að því að þroska hæfni þeirra til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra og skilja veruleikann. Hlutverk samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á umhverfi, samfélag og menningu, auðvelda honum að fóta sig í mannlegu samfélagi og búa hann undir frekara nám og starf. Samfélagsgreinar deila viðfangsefnum sínum, gildum og markmiðum með ýmsum öðrum námsgreinum og námssviðum. Sérstaða þeirra felst í því hvernig þær ljá nemendum mikilvæg verkfæri til þess að þróa skilning sinn á sjálfum sér, öðru fólki og því umhverfi og samfélagi sem þeir hrærast í.

Undir náttúrugreinar flokkast náttúrufræði, eðlisfræði, jarðfræði, líffræði og umhverfismennt. Teknir eru fyrir nokkrir námsþættir á hverju skólaári og unnið markvisst með þá. Með kennslu í náttúrugreinum er stuðlað að því að nemendur öðlist færni í þeim og geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans ræðst af samspili manns og náttúru. Haft er að leiðarljósi að nemendur láti sig varða nánasta umhverfi sitt og lífsskilyrði lífveranna sem þar búa. Náttúrugreinar stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og upplifun nemenda. Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Jafnframt er nemendum gert kleift að greina eigin stöðu og hæfni, efla eigið læsi, siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt.

Náttúru- og samfélagsgreinar eru sambættar með byrjendalæsi.

Náttúru- og samfélagsfræðigreinar

| Námsþættir: | Námsefni: | Hæfniviðmið í 2. bekk <i>Að nemandi:</i> | Leiðir: |
|----------------------------------|--|--|---|
| Reynslu-, félags- og hugarheimur | Halló heimur Húsdýrin okkar Humlur Hvalir Efni frá kennara Efni af netinu | <ul style="list-style-type: none"> – geti sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífverum í náttúrulegu umhverfi – sýnir virkni og láti sig varða um sitt nánasta umhverfi – geri sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa – geti sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir – geri sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni – þekki fjölbreytta hegðun ólíkra dýra – þekki umferðamerkin og merkingu þeirra – þekki árstíðirnar – geri sér grein fyrir hvernig skynfærin virka – þekki helstu húsdýrin og afkvæmi þeirra – geri sér grein fyrir muninum á réttindum og forréttindum. – þekki býflugur og heimkynni þeirra | Innlagnir Smáfyrirlestrar Lestur Umræður Paravinna Hópavinna Einstaklingsvinna Lesið, spurt og spjallað Heimildaáhorf Hugstormun Útikennsla/ vettvangsferðir |
| Námsmat: | Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum. | | |

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

| | |
|---|--------------------|
|  | Framúrskarandi |
|  | Hæfni náð |
|  | Á góðri leið |
|  | Þarfnast þjálfunar |
|  | Lokið |
|  | Ólokið |
|  | Undanþága |